

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 163 30. maí 1973, um hvalveiðar.

1. gr.

B-liður 2. gr. orðist svo:

Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak, steypireyð og búrhval.

2. gr.

1. mgr. C-liðar 2. gr. orðist svo:

Langreyðar innan við 55 fet eða 16,8 metra að lengd og sandreyðar innan við 40 fet eða 12,2 metra að lengd.

3. gr.

11. gr. orðist svo:

Hver landstöð skal greiða kr. 15 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 3 500,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip.

4. gr.

Fyrirsögn II kafla orðist svo:

Sérákvæði um veiðar á hrefnu og tannhvólum.

5. gr.

Úr 1. málslíð 14. gr. falla niður orðin „öðrum en búrhval“.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 163 30. maí 1973 um hvalveiðar.

1. gr.

Á árinu 1983 er óheimilt að veiða fleiri hvali af eftirgreindum tegundum, en hér segir:

100 sandreyðar

167 langreyðar

188 hrefnur.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. lögum nr. 26 3. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 26 9. maí 1949, um hvalveiðar, sbr. lög nr. 40 29. maí 1979, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kjartan Júlíusson.

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Reyðarfjarðar.

1. Árlegur vatnsskattur sbr. 15 gr. 1. mgr. reglugerðar nr. 144 12. maí 1970 verði 0,13% af fasteignamati, þó aldrei lægri en kr. 800,00.
2. Aukavatnsskattur sbr. 15. gr. 2. mgr:
 - a) 0,13% af fasteignamati að viðbættum 2,00 kr. pr. m³ selds vatns samkvæmt mæli.
 - b) Sé vatn ekki selt eftir mæli er heimilt að innheimta aukavatnsskatt sem hér segir:

Af hverri tunnu uppsaltaðrar síldar	kr. 4,00
Af hverri smálest fiskjar sem lagður er upp í bræðslu	kr. 7,00
Af hverri smálest frystra sjávarafurða og landbúnaðarafurða svo og saltfiski	kr. 7,00
Af hverri kind sem slátrað er	kr. 1,00
 - c) Kr. 16,00 pr. m³ selds vatns til skipa samkvæmt mæli þó ekki lægra en kr. 200,00.
 - d) Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvottar á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur skal greiða kr. 3000,00 á ári fyrir vatnsnotkun.
3. Mælaleiga kr. 1 000,00 á ári.
4. Heimilt er hreppsnefnd að hækka eða lækka gjaldskrá um allt að 50%, einstaka liði eða í heild án staðfestingar ráðuneytisins. Ennfremur er hreppsnefnd heimilt að gera sérstaka samninga um vatnssölu til stórra vatnsnotenda.
5. Gjöld skv. 1. 2. og 3. grein gjaldskrár þessarar, sem eru talin í krónum, skulu breytast árlega í sama hlutfalli og matsverð fasteigna í Reyðarfjarðarhreppi. Ákvæði til bráðabirgða: Gjaldtagi vatnsskatts fyrir árið 1983 er 1. júní.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20 júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. maí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.